

2. gr.

Höfuðstóllinn er 1200.00 kr.; geymist hann í Söfnunarsjóði Íslands og ávaxtast þar samkvæmt þeim reglum, sem teknar eru fram í skipulagsskrá þessari.

3. gr.

Höfuðstóllinn má aldrei skerða. En auka má sjóðinn með minningargjöfum sem síðar kynnu að verða afhentar.

4. gr.

Unz höfuðstóllinn er orðinn 2400 kr. skal leggja alla vexti við höfuðstól, en upp frá því má verja helmingi vaxta til styrktar þurfandi sjúklingum í Odda-prestakalli í Rangárþingi. Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn 5000 kr. má verja 5% vaxta ár hvert í sama tilgangi, en 1% leggst upp frá því við höfuðstól til sjóðs-aukningar.

Styrknum skal ár hvert úthlutað á fæðingardegi séra Skúla sál. 26. apríl.

5. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu vera þrír menn: sóknarpresturinn í Odda, héraðslæknirinn í Rangárvallahéraði og ein af konum safnaðarins, sem sóknarnefnd Oddasóknar tilnefnir.

6. gr.

Reikning sjóðsins skal ár hvert birta í Lögbirtingablaði.

7. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík 26. marz 1933.

Sigríður Helgadóttir.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Menningar- og framfarasjóð Súgfirðinga“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 31. marz 1933. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir menningar- og framfarasjóð Súgfirðinga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Menningar- og framfarasjóður Súgfirðinga“.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 1000 — eitt þúsund — króna framlagi frá Suðureyrarhreppi.

20

31. marz

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru: Árlegt tillag frá Suðureyrarhreppi, 100 — eitt hundrað — krónur. Ennfremur gjafir og áheit er sjóðnum kunna að berast.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Þegar sjóðurinn er orðinn 50 — fimmtíu þúsund — krónur, má í fyrsta sinn úthluta fjórum fimmtu hlutum af vöxtum sjóðsins það ár og síðan árlega sama vaxtahluta samkvæmt eftirfarandi ákvörðun, sbr. 8. gr., en einn fimmti hluti ársvaxta skal leggjast við höfuðstólinn.

5. gr.

Hreppsnefnd Suðureyrarhrepps hefur stjórn og umsjón sjóðsins á hendi og sér um reikningshald hans.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningur hans skal fullgerður í janúarmánuði og endurskoðaður af tveimur endurskoðunarmönnum, er kosnir séu á almennum hreppsfundi til eins árs í senn. Skulu þeir kynna sér rækilega hag sjóðsins og hvernig fé hans er tryggt.

7. gr.

Fé sjóðsins skal fyrst um sinn ávaxtað í Sparisjóði Súgfirðinga. Þegar sjóðurinn eykst má stjórnin ávaxta það annarsstaðar eða á annan hátt. Þó skal, ef unnt er, jafnan ávaxta fé hans innan Suðureyrarhrepps, ef það verður gert á jafn trygган hátt fyrir sjóðinn.

8. gr.

Fé því, sem kemur til úthlutunar samkv. 4. gr., skal varið sem hér segir:

1. Helmingi úthlutunarfjárins skal varið til þess að verðlauna framúrskarandi atorku og framtakssemi, innan hrepps, í verklegum efnum, eða efla og styrkja verklega dáð og nytsemi innan hreppsins.
2. Hinum helmingi úthlutunarfjárins, skal varið til menningarbóta innan hreppsins, svo sem skólalahalds fyrir nemendur eldri en 14 ára og námsstyrks við opinbera skóla, svo og til fyrirlestrahalds, lestrarstofu eða annars þess, er telja má hreppsþúum til menningarauka.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta á almennum hreppsfundi, ef $\frac{3}{4}$ hlutar atkvæðisbærra fundarmanna samþykkja, enda hafi breytingin verið auglýst í fundarboðinu.

10. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi var samin og samþykkt á fundi hreppsnefndar Suðureyrarhrepps hinn 24. nóvember 1930 og samþykkt óbreytt á almennum hreppsfundi á Suðureyri hinn 3. maí 1931.

20
31. marz

Örnólfur Valdimarsson
(oddviti).

Kr. A. Kristjánsson
(ritari).

REGLUGERÐ

21
3. apríl

um veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar Hestamannafélagsins Fákur.

1. gr.

Veðfjárupphæðir greinast í 1 kr., 2 kr., 5 kr. og 10 kr., sem greiðast veðmálastofunni gegn afhendingu veðmiða.

2. gr.

Veðjað er um það, hver hestur verður hlutskarpastur í hverjum flokki, svo og í úrslitahlaupum.

3. gr.

Veðfjárupphæðum skal skipt þannig:

- a. 80% skal skipt hlutfallslega á þá upphæð, er veðjað hefir verið um á þann hest, er vinnur.
- b. Afganginum (20%) sé varið til reksturs kappreiðanna, viðhalds og umbóta á skeiðvelli félagsins og til reiðvegar Reykvikinga. Tillagið til reiðvegarins má þó aldrei vera minna en 10% af hagnaði félagsins af starfsemi þessari.

4. gr.

Að hverju hlaupi loknu skulu veðmálin reiknuð út, útkoman auglýst og vinningar borgaðir þegar í stað, gegn framvísun veðmiða.

5. gr.

Engin upphæð verður endurgreidd, ef hestur hleypur upp eða fer ekki af stað, og komi, af þeim eða öðrum orsökum, ekki til greina samkvæmt kappreiðareglum félagsins.

6. gr.

Ef hlaup verður ógilt, endurgreiðist veðfé aftur að frádregnum 20%.

7. gr.

Vinningar útborgast aðeins í heilum krónum, og er ekki ábyrgzt, að innskot fáiast að fullu aftur.